



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2023

## ENSK2YL05 Yndislestur

<b>Kennari:</b>	Paola Ýr Daziani	<b>Sk.st.</b>	PD
-----------------	------------------	---------------	----

### Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Nemendur fá bókalista og velja sér fimm verk eftir enskumælandi höfundum. Þeir gera svo grein fyrir skáldsögunum munnlega í sérstökum viðtalstímum. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum.

### Undanfari:

8+ að loknum grunnskóla eða  
8+ úr ENSK2HA05 eða  
ENSK2HA05 + ENSK2HB05

### Námsefni:

Bókalisti í Innu (Efni).

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Próf og verkefni
30.jan.-3.feb.	Próf 1
20.-24.feb.	Próf 2
13.-17.mars	Próf 3
12.-14.apríl	Próf 4
1.-5.maí	Próf 5

Öll prófin eru munnleg. Hver nemandi fær áætlaðan tíma (um 10 mín.) fyrir hvert próf.

### Sérreglur áfangans:

- **Það er skylda að taka öll 5 prófin.**
- Listi yfir mætingu í online próf verður í Innu á síðu áfangans undir "Heimavinnu og Markmið". Mikilvægt er að fylgjast vel með.
- Nemendur sem eru **löglega afsakaðir** þreyta ólokin próf sem fyrst eða um leið og tækifæri gefst eftir ákvörðun kennara. Nemendum ber skylda til að vera í sambandi við kennara strax ef þeir komast ekki í próf. Svo verða þeir að fylgjast með í Innu til að sjá hvenær þeir eiga að mæta í sjúkrapróf.
- **Nemendur sem sleppa prófi og eru ekki löglega afsakaðir detta sjálfkrafa út úr áfanganum** í síðasta lagi viku eftir að prófið var skráð.

- **Það er nauðsynlegt að tilkynna bókavalið sitt ekki seinna en viku fyrir hvert próftímabil** með því að senda skilaboð í gegnum Innu til að  **tryggja sér réttindi til próftöku.**
- **Þessar reglur gilda fyrir alla nemendur, líka þá sem eru fæddir 2003 eða fyrr.**

### **Fyrirkomulag námsmats:**

Hvert próf gildir 20% af lokaeinkunn. Það er ekki lokapróf í þessum áfanga. Reglur um skipulag áfangans eru í Innu undir "Efni".

### **Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar**

#### **Þekkingarviðmið:**

##### **Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- stjórnáttum, fjölmiðlum og sögu og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu í alþjóðlegu samhengi
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- hefðum sem eiga við um ritað mál t.d. mismunandi málsnið

---

#### **Leikniviðmið:**

##### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð
- nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

---

#### **Hæfniviðmið:**

##### **Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- nýta sér umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á
  - átta sig á mismunandi málsniði og stíl í rituðu máli
  - greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í bókmenntaverkum
  - leggja gagnrýnið mat á texta
  - hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt
  - beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmennningarleg efni
  - flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
  - lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel
  - beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfningu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
  - skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin
  - tjá tilfinningar, nota hugarflugið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli
-

